

Aflaukning Úlfsárvirkjunar

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 22. janúar 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá AB fasteignum um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 3.15 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar, Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Áform um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar. Svar við athugasemdum Skipulagsstofnunar frá 21. desember 2023. AB fasteignir. 8. janúar 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ísafjarðarbæ dags. 12. febrúar 2024
- Hafrannsóknastofnun dags. 13. febrúar 2024
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 26. janúar 2024
- Umhverfisstofnun dags. 22. febrúar 2024
- Orkustofnun dags. 23. febrúar 2024
- Veðurstofu Íslands dags. 22. febrúar 2024
- Fiskistofu dags. 14. mars 2024

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 18. og 21. mars 2024.

Umhverfisstofnun sendi viðbrögð við svörum framkvæmdaraðila 24. apríl 2024.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Úlfsárvirkjun er sírennslisvirkjun við Úlfsá í Dagverðardal og var gangsett í maí 2019. Farvegurinn er stíflaður í efnisnámu (E8) fyrir inntak án uppistöðulóns. Aðveitulögn er frá inntaki að stöðvarhúsi og frárennli er svo frá stöðvarhúsi aftur út í Úlfsá. Engin veglagning var vegna framkvæmdanna og fallpípa frá vatnsinntaki að stöðvarhúsi var alfarið grafin í vegkant gamla þjóðvegarins, nema þar sem hún sveigir inn í efnisnámana í átt að inntaki og að stöðvarhúsi. Virkjunin er á svæði sem þegar var raskað. Farvegur Úlfsár er með skertu rennli frá inntaki að frárennli virkjunar á u.þ.b. 2,4 km kafla.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í aflaukningu Úlfsárvirkjunar en áformað er að auka aflgetu úr 200 kW í 460 kW með breyttum vélbúnaði. Vatnsnotkun fyrir aflaukningu er um 0,120 m³/sek. Hámarksvatnsnotkun eftir aflaukningu verður 0,280 m³/sek við full afköst. Aukið afl virkjunar er sagt fengið með nýtingu umframvatns þegar aðstæður leyfa, t.d. þegar yfirborðsvatn og snjóbráð er til staðar. Fram kemur að árfarvegurinn þorni ekki við þetta vegna innrennslis linda og að aflaukning virkjunar muni ekki hafa áhrif á magn lágrennslis í Úlfsá heldur muni lágrennslistímabilið



koma til með að lengjast. Aflaukningin kallar ekki á neinar framkvæmdir á svæðinu, engar breytingar á inntaki, fallpípu né flutningsmannvirkjum.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum AB fasteigna og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á vatnafar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að einu áhrif framkvæmdarinnar verði á rennsli í árfarvegi Úlfsár á milli inntaks í námu E8 á Austmannafalli og stöðvarhúss sem er um 2,4 km langur kafli. Rennslisskerðing muni nema því vatni sem virkjunin nýti á hverjum tíma. Fram kemur að fjallshlíðin í fjallinu Kubba sé vatnsrík af lindarvatni sem sjái farveginum fyrir stöðugu lágrennsli. Þrátt fyrir aukna vatnstöku vegna aflaukningarinnar verði ekki breyting á lágrennsli heldur sé einungis verið að nýta umframvatn á þeim tíma sem slíkar aðstæður skapast. Aflgeta Úlfsár sé ekki umfram 200 kW þar sem grunnþáttur rennslisins sé ekki meiri en hins vegar sé hægt að ná í orku þegar snjóbráð og yfirborðsvatn sé til staðar. Fram kemur að ekki verði séð að aflaukningin muni valda breytingum á grunnvatnsstöðu. Náttúrulegar sveiflur verði áfram í vatnsfallinu þar sem ekki sé um að ræða neina vatnsmiðlun. Með aflaukningunni sé verið að nýta flóðavatn sem renni af vatnasviðinu á Breiðdalsheiði. Um sé að ræða yfirborðsvatn sem ekki sé hluti af grunnvatnsmyndun á vatnasviðinu. Þegar þetta yfirborðsvatn kemur fram á Austmannsfallið í efnisnámu E8 hafi það safnast saman í farveg Úlfsár. Það sé því þannig að það vatn sem tekið sé til virkjunarinnar komi einungis til með að minnka rennslið í árfarveginum á milli stíflu og stöðvarhúss, en ekki rennsli um sjálft vatnasviðið.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að ekki sé fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun. Fram kemur að öll yfirborðsvatnshlot skuli vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og að vatnsgæði rýrni ekki. Framkvæmdin sé innan vatnshlotsins Úlfsá (101-118-R) og sé umhverfismarkmið vatnshlotsins að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og í góðu efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið vatnshlota séu lagalega bindandi og megri ástand þeirra ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þurfi um núverandi ástand vatnshlotsins og meta áhrif framkvæmdarinnar á þau vatnshlot sem framkvæmdin tengist. Umhverfisstofnun bendir auk þess á að virkjanir flokkist sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti, en slíkar breytingar geti valdið hnignun á vistfræðilegu ástandi vatnshlotsins. Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin. Meta þurfi hvaða gæðapættir séu líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra. Ef framkvæmdin hafi þau áhrif að einhver þeirra gæðapátta sem verði fyrir áhrifum af framkvæmdinni falli um ástandsflokk þá falli vatnshlotið á umhverfismarkmiðum.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að áður en farið sé í framkvæmdir þurfi að gera grein fyrir áhrifum framkvæmda eða starfsemi á vatnshlot til að mögulegt sé að meta hvort þau geti leitt til þess að vatnshlot nái ekki markmiðum laga um stjórn vatnamála um gott vistfræðilegt ástand. Sérstaklega skal horft til áhrifa á gæðapætti sem samþykktir hafi verið til ástandsflokkunar vatnshlota á Íslandi og þar sé átt við vatnsformfræðilega, líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti. Nauðsynlegt sé að huga að mótvægisáðgerðum sem stuðli að því að áhrif framkvæmdanna verði sem minnst. Dæmi um mótvægisáðgerðir í vatnsaflsvirkjunum sé að tryggja að alltaf sé allavega lágmarks vatn í farvegum virkjaðra straumvatna þar sem ekkert vatnalífríki þrífist án vatns.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að það þurfi að taka mið af ákvæðum í lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011 vegna kynnta áforma.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Úlfsá sé með vatnshlotsnúmerið 101-118-R og að flokkun vatnshlotsins í Vatnavefsja sé gerð út frá líkindum en ekki raunaðstæðum. Um sé að ræða mjög raskað vatnsfall þar sem tvö efnistökusvæði séu í ánni auk virkjunarinnar og jafnframt sé skotsvæði Skotíþróttafélags Ísafjarðarbæjar við farveg árinna. Framkvæmdaraðili telur því að vatnshlotið flokkist sem *mikið breytt vatnshlot*. Fram kemur að rennslisbreytingar Úlfsárvirkjunar séu óhjákvæmilegar og ófrávikjanlegur þáttur í rekstri vatnsaflsvirkjana. Ekki sé hægt að taka til baka þau áhrif og breytingar sem náma E3 hafi haft á farveg Úlfsár og undirlag botns og á meðan virkjunin, námur E8, E3 og skotsvæðið séu starfrækt verði vatnshlotið og lífríki þess áfram fyrir stöðugum áhrifum og álagi. Framkvæmdaraðili telur að aflaukning Úlfsárvirkjunar, þ.e. að lengja tímunn sem að mesta rennslisskerðingin eigi sér stað, sé ekki til þess fallin að grundvallarbreyting verði á flokkun vatnshlotsins né að það falli um flokk frá því sem nú er.

Í viðbrögðum Umhverfisstofnunar við svörum framkvæmdaraðila kemur fram að það sé ekki hlutverk framkvæmdaraðila að flokka vatnshlot sem mikið breytt vatnshlot. Framkvæmdaraðili getur aftur á móti aflað gagna sem nýtist við hugsanlega tilnefningu mikið breyttra og manngerðra vatnshlota t.d. gagna sem séu notuð við vistfræðilega ástandsflokkun vatnshlotsins. Fram kemur að samkvæmt 13. gr. laga nr. 36/2011 sé það Umhverfisstofnun sem metur hvort vatnshlot telst manngert eða mikið breytt og er gerð grein fyrir þeirri ákvörðun í vatnaáætlun. Vatnshlotið Úlfsá hefur ekki verið metið m.t.t. vatnsformfræði og er ekki á tilnefningarlista yfir mikið breytt og manngert vatnshlot. Vatnshlotið er því í dag flokkað sem náttúrulegt vatnshlot í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og er umhverfismarkmið þess að haldast í því ástandi. Umhverfisstofnun bendir á að meta þurfi hvort að framkvæmdin hafi áhrif á vatnshlotið og hvort hún sé líkleg til þess að verða til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Framkvæmdaraðili þurfi að gera áætlun um vöktun á áhrifum virkjunarinnar á vatnshlotið. Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin hafi þau áhrif að einhver gæðabáttanna falli um ástandsflokk þá falli vatnshlotið á umhverfismarkmiðum sínum. Stofnunin bendir á að uppfylltum skilyrðum 18. gr. laga um stjórn vatnamála sé hægt að óska eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti.

Áhrif á lífríki

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að engir fiskistofnar séu í ánni þar sem áin renni um tvö námuvinnslusvæði Ísafjarðarbæjar, námur E8 og E3.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að það virðist sem svo að við gerð virkjunarinnar hafi ekki verið farið í neinar rannsóknir á lífríki árinna eða mat lagt á áhrif framkvæmdarinnar og rekstur virkjunarinnar á lífríki. Engar upplýsingar komi fram í innsendum gögnum um lífríkið fyrir utan að engir fiskistofnar séu í ánni þar sem áin renni um námuvinnslusvæði. Engar rannsóknir liggi hins vegar fyrir um tilvist fisks í ánni eða hver hlutfallsleg skerðing rennslis sé á kaflanum frá inntaki til frárennslis og því sé erfitt að meta áhrif rennslisskerðingar á þeim 2,4 km kafla sem um ræðir í þessari framkvæmd eða hvort aflaukning virkjunarinnar leiði til aukinnar skerðingar. Þetta sé stór hluti farvegar árinna, eða um 40% og að almennt hafi skerðing á rennslis vegna vatnsaflsvirkjana áhrif á lífríki í vatnsföllum og almennt gildi sú regla að því meiri sem skerðing sé hlutfallslega, því meiri áhrif. Hafrannsóknastofnun telur að stækkun virkjunarinnar muni ekki hafa meiri áhrif á líffræðilega gæðabætti en þegar hafi orðið ef það verður tryggt að alltaf verði vatn til staðar í farveginum. Stofnunin áréttar nauðsyn þess að gerð verði rannsókn á lífríki Úlfsár með tilliti til álagsþátta sem eru í ánni, m.a. af umræddri Úlfsárvirkjun og rekstri hennar.

Í seinni umsögn sinni tekur Umhverfisstofnun undir með Hafrannsóknastofnun varðandi nauðsyn þess að gerð verði rannsókn á lífríki Úlfsár með tilliti til álagsþátta sem eru í ánni.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að af loftmyndum að dæma sé ekki annað að sjá en að fiskar ættu að geta gengið í ána. Fiskistofa bendir á að tilefni kunni að vera til að kanna lífríki árinna betur. Í umsögninni kemur þó fram að ekki séu þekktir veiðihagsmunir á svæðinu og að ætla megi að þeir séu litlir eða engir.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áin sé í mesta lagi fiskgeng um 1,4 km að námusvæði E3 í ánni. Engar sögur fari af fiskgengd í Úlfsá og ólíklegt að svona stuttur árkaflí beri fiskistofn í vatnslítilli á með lítið vatnasvið sem komi beint úr fjöllum og sé að öllum líkindum harðbýl fyrir fiska. Virkjunin og áhrifasvæði hennar séu alfarið ofan við námu E3 og a.m.k. tvo ófiskgenga fossa svo það sé útilokað að fiskur geti gengið þangað. Virkjunin hafi enga miðlunargetu svo áhrifin séu eingöngu milli stíflu og stöðvarhúss.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að rennsli Úlfsár sé mjög sveiflukennt og háð úrkomu og snjóalögum og að rennsli geti sveiflast mjög mikið mjög hratt. Við lágrennsli taki virkjunin allt rennsli árinna og með aflaukningunni muni það tímabil lengjast, áhrifin verði þau sömu en munu koma til með að vara yfir lengri tíma. Þó að virkjunin taki allt rennsli árinna þá sé farvegurinn milli stíflu og stöðvarhúss síður en svo þurr, lindir og lækir renni í farveginn fljótt neðan stíflu og sjái til þess að í honum sé alltaf rennsli. Ómögulegt sé að spá fyrir um hvaða tímabil það er sem allt rennsli árinna sé nýtt þar sem það sé háð tíðarfari, úrkomu, hitastigi og snjóalögum en öllu jafna megi reikna með því að allt vatn sé nýtt á þurrka tímabilum síðsumars þegar öll snjóbráð sé búin og í frosthörkum að vetrarlagi, hversu löng þessi tímabil vara sé misjafnt milli ára. Í blautum sumrum sé nóg vatn allt sumarið en á köldum vetrum megi búast við að allt rennsli sé nýtt frá því í nóvember fram í mars eða jafnvel apríl, þó líklega komi alltaf einhverjir umhleytingar inn á milli sem auki rennslið tímabundið.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Framkvæmdin er háð leyfi Orkustofnunar samkvæmt raforkulögum og leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

6 Niðurstaða

Um er að ræða aflaukningu á Úlfsárvirkjun úr 200 kW í 460 kW með breyttum vélbúnaði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 3.15 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Sú framkvæmd sem hér er til skoðunar felst í aflaukningu Úlfsárvirkjunar. Samkvæmt framkvæmdaraðila nýtir núverandi virkjun allt vatn Úlfsár þegar áin er í lágrennsli. Í ljósi þess má gera ráð fyrir að núverandi virkjun hafi mikil neikvæð áhrif á bæði rennsli og vatnalíf á 2,4 km kafla milli inntaks og stöðvarhúss. Telur Skipulagsstofnun bagalegt að ekki skuli liggja fyrir upplýsingar um lífríki Úlfsár, náttúrulegt rennsli hennar eða hve mikið virkjunin skerði rennslið. Úlfsá er einnig



undir álagi vegna efnistöku og tekur Skipulagsstofnun undir með Hafrannsóknastofnun um að ástæða sé til að gera rannsókn á lífríki árinna m.t.t. álagsþátta sem eru í ánni.

Fyrirhuguð aflaukning krefst ekki jarðraskis eða mannvirkjagerðar. Helstu áhrif aflaukningarinnar felast í lengingu á því tímabili sem rennisskerðingar gættir í Úlfsá milli inntaks og stöðvarhúss. Því má gera ráð fyrir að framkvæmdin hafi einhver viðbótaráhrif á vatnalíf. Telur Skipulagsstofnun æskilegt að tryggt sé að alltaf sé til staðar lágmarksrennsli í farvegi árinna. Verði það gert er ólíklegt að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði umtalsverð, enda helstu neikvæðu áhrif virkjunarinnar þegar komin fram. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar ætti að skilgreina lágmarksrennsli í farvegi Úlfsár. Stofnunin minnir einnig á að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, sbr. umsagnir Umhverfisstofnunar.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. júní 2024.

Reykjavík, 6. maí 2024

Jón Ágúst Jónsson

Jóhanna Hrund Einarisdóttir

